

## Fundargerð

### 14. stjórnarfundur FHA haldinn 22. júní 2010 kl. 10:30

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórn og framkvæmdastóri. Fundinn sátu: Helgi Gestsson (HG), Erlendur Steinar Friðriksson (ESF), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Kristín Guðmundsdóttir (KG) og Páll Björnsson (PB). Rúnar Gunnarsson boðaði forföll. Hjördís Sigursteinsdóttir ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

1. Fastur fundartími

Þessum lið var frestað til næsta stjórnarfundar í ágúst. Skoðað verður með fund í annarri viku af ágúst ef þörf er á.

2. Námssjóður

Eirindi barst frá Þóri Sigurðssyni varðandi greiðslu úr námssjóði vegna námskeiðs erlendis í júní 2009.

Páli var falið að skoða málið betur og afgreiðslu frestað til næsta fundar. Hjördísi var falið að láta Þóri vita.

3. Samstarfsfundur

Helgi sagði frá fundi í samstarfsnefnd þar sem rætt var um launamál á skólaþróunarsviði, samstarfsferli og tímabundna ráðningarsamninga.

4. Önnur mál

- a) *Aðgengi að lögfræðingi*. Helgi lagði til að FHA myndi gera samkomulag við lögfræðing/lögfræðistofu um mál ef slíkt kemur upp á komandi misserum. Fundarmenn voru sammála um að slíkt sé æskilegt og var Helga falið að kanna málið betur.
- b) *Bókhald FHA*. Helgi lagði til að FHA myndi kaupa sér aðgang að netbókhaldsforriti til að halda utan um reikninga félagsins. Einnig lagði hann til að gjaldkeri og framkvæmdastjóri hefðu prókúru á reikning félagsins í stað bókara. Fundarmenn samþykktu tillöguna. Hjördísi var falið að skoða með Ásu þessar breytingar.
- c) *Innra markaðsstarf skólans*. Erlendur Steinar benti á að upplýsingaflæði frá yfirstjórn skólans til starfsmanna væri ábótavant. Lagt var til að þetta yrði tekið upp á samstarfsnefndarfundi.
- d) *Ályktun aðalfundar*. Gengið var frá endanlegu orðalagi vegna ályktunar aðalfundar frá 20. maí sl. Ályktunin er svohljóðandi:

Aðalfundur Félags háskóla­kennara á Akureyri, haldinn 20. maí 2010, beinir þeim eindregnu tilmælum til rektors og yfirstjórnar Háskólans á Akureyri, að nú þegar verði staðið við þá forsendu samkomulags FHA og HA um að allir hópar starfsmanna leggi sitt af mörkum til lækkunar launakostnaðar skólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00